



Kópavogi, 5. mars 2026
25102445/000.00 IÝP

Ágrip - Framtíðin í fyrsta sæti. Grunnskólatillaga nr. 15, Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan

Lögð er fram til samþykktar á fundi menntaráðs viðbragðsáætlun sem ætlað er að styðja við öryggi barna og starfsfólks í náms- og starfsumhverfi grunnskóla Kópavogs.

Síðastliðið haust voru samþykktar 16 tillögur í grunnskólamálum undir yfirskriftinni 'Framtíðin í fyrsta sæti'. Ein af þeim tillögum sem var sett í forgang í samráði við skólastjórnendur var tillaga nr. 15. *Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan*.

15. Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan

Öruggt náms- og starfsumhverfi er forsenda þess að nemendur og starfsfólk skóla upplifi traust og virðingu og hafi svigrúm til að sinna námi og starfi af heilindum. Öryggi nær til fjölmargra þátta og felur í sér vernd gegn áreitni, ofbeldi og óásættanlegri hegðun. Greint verður hvaða þættir í náms- og starfsumhverfinu styðja við öryggi, vellíðan og jákvæða menningu. Öryggi og aðgengi að skólahúsnaði og skólalóð verða sérstaklega skoðuð. Einnig verður rýnt hvernig ábyrgðarskipting og teymisvinna innan skóla geta styrkt samstarf og faglega vellíðan. Mótuð verða sameiginleg viðmið og ferlar um samskipti, ábyrgð og viðbrögð við aðstæðum sem ógna öryggi starfsfólks og nemenda. Lögð verður áhersla á virka þátttöku starfsfólks í mótun sameiginlegra viðmiða, eflingu faglegs trausts og eftirfylgni með umbótum.

Markmið: Að styrkja öflugt náms- og starfsumhverfi í grunnskólum Kópavogs sem byggir á öryggi, trausti og faglegri virðingu.

Í nóvember var stofnað sérfræðiteymi um vinnu við þessa tillögu. Í því sátu tveir skólastjórar, framkvæmdastjóri Arnarskóla og fimm starfsmenn á menntasviði. Í vinnunni var haft samráð við verkefnastjóra miðlægs bráða- og viðbragðsteymis höfuðborgarsvæðis (Púlsinn), lögregluna á stöð 3 í Kópavogi og samfélagslögreglu. Einnig heimsóttu starfsmenn menntasviðs alla grunnskóla til samráðs við starfsfólk auk samráðsfunda með forstöðumönnum frístunda og félagsmiðstöðva.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,
deildarstjóri grunnskóladeildar

